



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík - Sími 5610769 - netfang hj@ssi.is

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

b.t. Atvinnuveganefndar

Reykjavík 20. mars 2024.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins, 126. mál.

Sjómannasamband Íslands leggst alfarið gegn þingsályktunartillögunni. Í tillögunni er gert ráð fyrir að þær aflaheimildir sem fara í svokallaðan félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins verði auknar úr 5,3% af heildarafla í 8,3% af heildarafla. Með því að auka veiðiheimildir sem fara í félagslega hlutann er verið að taka veiðiheimildir frá sjómönnum á öðrum skipum sem hafa atvinnu af fiskveiðum og færa til annarra. Engin rök eru fyrir slíkum aðgerðum. Í þingsályktunartillögunni virðist aðallega horft til þess að auka veiðiheimildir til strandveiðiflotans og er þeim væntanlega ætlað að efla atvinnulíf í sjávarbyggðum um land allt og auka aðgengi að sjávarauðlindinni ásamt því að styðja við nýliðun.

Sjómannasambandi Íslands þykir sú ráðstöfun dálítið sérkennileg að taka afla frá skipum þar sem atvinnusjómenn starfa til að aðrir sem jafnvel eru í sumarleyfi frá öðrum störfum geti veitt þann afla. Ekki verður séð að það að taka af einum til að láta aðra hafa geti eftt atvinnulíf. Sá heildar afli sem leyfilegt er að veiða breytist ekki við slíka ráðstöfun. Í fæstum tilvikum auka strandveiðarnar nýliðun í greininni að mati Sjómannasambands Íslands. Sjómannasamband Íslands hefur alla tíð verið mótfallið strandveiðum, en þær eru hins vegar staðreynd sem ekki verður breytt nú. Sjómannasamband Íslands krefst þess hins vegar að ekki verði aukið við þann afla sem ætlaður er til strandveiða. Auk þess bendir Sjómannasamband Íslands á að aðeins er heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Á þessu hefur verið mikill misbrestur. Auk þess skal eigandi strandveiðibáts vera lögskráður um borð og þarf að setja skýrar reglur um hve eignahluturinn þarf að vera stór til að viðkomandi teljist eigandi til að koma í veg fyrir misnotkun hvað eignarhald varðar eins og nú tíðkast í tengslum við strandveiðarnar.

Eins og áður segir hafnar Sjómannasamband Íslands alfarið þingsályktunartillögunni og telur hana aðför að kjörum og atvinnu sjómanna sem hafa lífsviðurværi sitt af því að stunda fiskveiðar allt árið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

